

Alþingi - Umhverfis – og samgöngunefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 22. maí 2019
UST201905-062/H.G.
04.04

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum, nr. 47/2004, með síðari breytingum.

Vísað er í beiðni er barst þann 9. maí sl., er varðar umsögn um breytingu á lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum, nr. 47/2004, með síðari breytingum.

Athugasemdir Umhverfisstofnunar eru eftirfarandi:

Í 1. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um nýja grein, 5. gr. a., sem felur í sér að óheimilt verður að reka atvinnutengda starfsemi í þjóðgarðinum án samnings um slíka starfsemi við Þingvallanefnd. Umhverfisstofnun telur að skilgreina þurfi orðið *atvinnutengd starfsemi* þar sem óljóst er hvort ákvæðið eigi að ná yfir alla fasta starfsemi á svæðinu og/eða aðra starfsemi. Stofnunin bendir á að í atvinnustefnu Vatnajökulsþjóðgarðs er atvinnustarfsemi skilgreind.

Umhverfisstofnun bendir þá einnig á að í nýrri 2. mgr. 5. gr. a. er mælt fyrir um heimild til þess að setja skilyrði fyrir rekstri, málsmeðferð og gerð samninga í reglugerð á meðan að í samskonar ákvæði í lögum nr. 60/2007 um Vatnajökulsþjóðgarð er mælt fyrir um skyldu til að setja reglugerð. Stofnunin leggur til að ákvæðinu verði breytt þannig að kveðið verði á um skyldu til að setja reglugerð til þess að gæta samræmis og skýrleika.



Hlín Gísladóttir
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri